

Náttúruverndarsamtök Suðvesturlands
Austurgötu 29b
220 Hafnarfjörður
Kt. 501111-1630
nsve@nsve.is

Hraunavinir
Garðatorgi 7, 210 Garðabæ
b/t Ragnhildar Jónsdóttur,
Álfagarði í Kjós, 276 Mosfellsbæ
Kt. 480207-1490
hraunavinir@gmail.com

Landsnet hf.
Gylfaflöt 9
112 Reykjavík
landsnet@landsnet.is

Hafnarfjörður 9. desember 2022

Efni: Athugasemdir Náttúruverndarsamtaka Suðvesturlands og Hraunavina við Kerfisáætlun Landsnets 2023-2032 Verk- og matslýsing

Náttúruverndarsamtök Suðvesturlands og Hraunavinir gera eftirfarandi athugasemdir við Kerfisáætlun Landsnets 2023-2032 Verk- og matslýsing:

1. Gerð er alvarleg athugasemd við hvernig Landsnet hefur undanfarin ár leyft sér að velja einn valkost fyrir framkvæmd á framkvæmdaráætlun umfram aðra, áður en umhverfismati framkvæmdarinnar er lokið og álit Skipulagsstofnunar liggur fyrir.

Ef umhverfismati framkvæmdar er ekki lokið og álit Skipulagsstofnunar liggur ekki þegar fyrir, er framkvæmdin ekki tæk á framkvæmdaráætlun heldur á að vera á 10 ára áætlun.

Óheimilt er að gefa út leyfi fyrir framkvæmd samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum fyrr en álit Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum liggur fyrir eða ákvörðun stofnunarinnar um að framkvæmdin sé ekki matsskyld.

Við veitingu framkvæmdarleyfis fyrir matskyldum framkvæmdum skal sveitarstjórn, samkvæmt skipulagslögum nr. 123/2010 14. gr. leggja álit Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar til grundvallar framkvæmdarleyfi.

Hafi einn valkostur fyrir matsskyldri raflínu áður verið valinn á Kerfisáætlun og hlotið samþykki Orkustofnunar, getur það haft afgerandi áhrif á umhverfismatsferlið og komið í veg fyrir að umhverfislega besti valkosturinn verði fyrir valinu.


2. Landsneti eins og öðrum framkvæmdaraðilum ber að virða niðurstöðu umhverfismats og álit Skipulagsstofnunar.
3. Á bls. 4-5 kemur fram að tilgangur Kerfisáætlunar Landsnets sé að sýna fram á hvernig fyrirtækið hyggt uppfylla m.a. markmið um virðingu fyrir umhverfi með vönduðum vinnubrögðum á komandi árum.

NSVE og Hraunavinir fagna markmiðinu og gera sér vonir um að Landsnet muni héðan í frá virða niðurstöðu umhverfismats einstakra framkvæmda og álit Skipulagsstofnunar á umhverfismatinu, gerðu af þar til bærum sérfræðingum.

Virðingarfyllt,

f. h. Náttúruverndarsamtaka Suðvesturlands,

f.h. Hraunavina



Helena Mjöll Jóhannsdóttir, formaður



Ragnhildur Jónsdóttir, formaður

Landsnet hf

Gylfaflöt 9
112 Reykjavík

Reykjavík, 30. nóvember 2022
Tilvísun: 202211024 / 4.1.1

Efni: Kerfisáætlun 2023-2032

Vísað er til erindis Landsnets dags. 8. nóvember sl. en með erindinu barst verk- og matslýsing Kerfisáætlunar 2023-2032. Skipulagsstofnun hefur farið yfir verk- og matslýsinguna og bendir á að í kafla 1 eru lög nr. 105/2006 fallin úr gildi. Í stað þeirra eru komin lög nr. 111/2021.

Kafli 3. Þar kemur fram að við forsendur um styrkingu flutningskerfisins verði m.a. horft verður til áherslna frá Hagsmunaráði Landsnets. Skipulagsstofnun gerir ráð fyrir að gerð verði grein fyrir þessu ráði í umhverfismatsskýrslu.

Í kafla 5.1 og víðar er talað um umhverfisskýrslu en á að vera umhverfismatsskýrsla.

Þar sem að öðru leyti eru nær engar breytingar á lýsingunni frá matslýsingu Kerfisáætlunar 2021-2030 gerir stofnunin ekki aðrar athugasemdir á þessu stigi.

Jakob Gunnarsson